

AUGLÝSING

um togveiðar Færeyinga innan fiskveiðilögsögunnar.

Til viðbótar því, sem frá er greint í auglýsingu nr. 18/1972 um togveiðar Færeyinga innan fiskveiðilögsögunnar, birtast sem fylgiskjöl með auglýsingu þessari yfirlýsing af hálfu Íslands í lok viðræðna milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og fulltrúa landsstjórnar Færeyja 16. ágúst 1972 og skeyti frá utanríkisráðuneytinu til landsstjórnar Færeyja 29. mars 1973.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 28. desember 1973.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Fylgiskjal I.

Yfirlýsing af hálfu Íslands í lok viðræðna milli fulltrúa
ríkisstjórnar Íslands og fulltrúa landsstjórnar Færeyja
16. ágúst 1972.

Færeyska sendinefndin hefur óskað eftir samkomulagi um fiskveiðar færeyskra togskipa innan 50 mílna markanna eftir 1. september n. k.

Íslenzka nefndin verður af þessu tilefni að lýsa því yfir, að hún er ekki reiðubúin til þess af ýmsum ástæðum að ganga til samninga um togveiðar innan 50 mílna markanna á þessari stundu.

Til þess að mæta óskum færeysku nefndarinnar að þessu leyti vill íslenzka nefndin þó á þessu stigi lýsa yfir því að sækji færeyska landsstjórnin um sérstaka heimild fyrir önnur færeysk togskip en frystiskip til að ljúka yfirstandandi veiðiferð, mun íslenzka ríkisstjórnin veita slíkt leyfi að því tilskildu að lýst verði yfir að færeysk togskip virði 50 mílna fiskveiðilögsögu Íslendinga.

Togskipin verði þó horfin út fyrir 50 mílna mörkin eigi síðar en 1. október n. k., nema samningar hafi tekizt um annað fyrirkomulag fyrir þann tíma.

Fylgiskjal II.

Skeyti frá utanríkisráðuneytinu til landsstjórnar Færeyja
29. mars 1973.

Landsstjórn Færeyja.

Með skírskotun til skeyta landsstjórnar Færeyja 26. og 27. marz viðvíkjandi umsókn um veiðiheimild til handa togaranum „Mýlingur“ innan fiskveiðimarkanna við Ísland er hér með tilkynnt, að íslensk stjórnvöld veita hina umbeðnu veiðiheimild og fyrst um sinn með sömu skilmálum og gilda um veiðar þeirra færeysku togara, sem taldir eru upp í bréfi Einars Ágústssonar utanríkisráðherra til Atla P. Dam lögmanns 19. september 1972.

Utanríkisráðuneytið.